



# Feringar í Neskirkju 2011

Skráning og val á ferlingardögum

**Fimmtudaginn 20. maí kl. 10** hefst skráning ferlingarbarna í Neskirkju og verður fram haldið kl. 10-16 alla virka daga. Skrá þarf samtímis námskeið og ferlingardag.

Hámarksfjöldi ferlingarbarna í hverri messu er 25 börn. Til að tryggja tiltekinn ferlingardag þarf að ganga frá skráningu í tíma og gildir reglan: Fyrstir koma, fyrstir fá.

*Sumarónmskeið í ágúst!*



## Feringarnámskeið 15. - 22. ágúst 2010

Árlegt sumarnámskeið ferlingarbarna hefst með sameiginlegum fundi ferlingarbarna og foreldra þeirra eða forsjármanna í Neskirkju sunnudaginn 15. ágúst kl. 20. Kennsla hefst síðan daginn eftir, mánudaginn 16. ágúst kl. 10 og stendur til kl. 16 alla daga fram á föstudag. Námskeiðinu lýkur með messu sunnudaginn 22. ágúst kl. 11 en þá ganga ferlingarbörnin til altaris í fyrsta sinn í fylgd foreldra/forsjármanna sinna.

Á námskeiðinu munu starfa margir fræðarar með ólíkan bakgrunn og reynslu. Kennt verður í litlum hópum, farið í vettvangsferðir og fengnar heimsóknir.

Þau börn sem sækja námskeiðið þurfa ekki að ákveða hvort þau ætla að fermast fyrir en að afloknu námskeiðinu og í reynd ekki fyrir en á vori komanda.

Námskeiðið fléttar saman hefðbundna fræðslu, leik og upplifun. Kennt verður um grundvallaratriði kristinnar trúar og menningararfinn, sem íslensk þjóð hefur haldið í heiðri í þúsund ár. Ræddar verða algengar tilvistarspurningar og ýmis siðferðileg álitamál með það að markmiði að börnin verði betur búin undir framtíðina.

- Hver er ég?
- Hvaðan kem ég?
- Hefur lífið einhvern sérstakan tilgang?
- Hvað verður um mig?
- Hver var Jesús Kristur?
- Hvaða máli skiptir Jesús Kristur og kenningar hans nú á dögum?
- Hvert er hlutverk kirkju og kristinnar trúar í samtímanum?
- Hvers vegna að lifa trúarlífi?
- Hvers vegna játar stór hluti mannkyns trú á Krist?



Stuðst verður við Biblíuna, verkefnabók og kvikmynd um ævi Jesú. Leyst verða ýmis verkefni, farið verður í svonefnt ljósmyndarallý og fleira.

### **Námskeið fyrir þau börn sem ekki sækja sumarnámskeiðið**

Um 90% fermingarbarna sækja sumarnámskeiðið og ljúka meginhluta fræðslu í ágúst. En þess má vænta, eins og liðin ár, að nokkur verði erlendis eða kjósi fremur að sækja vetrarnámskeið. Haustið 2010 stendur til að bjóða þessum hópi uppá námskeið sem haldið verður 2-3 helgar og verður það nánar kynnt síðar. Námskeiðið er svipað og á sumarnámskeiðinu. Skráning í þetta námskeið hefst á sama tíma eða 20. maí.

### **Fermingar vorið 2011 verða sem hér segir:**

<b>Sunnudaginn</b>	<b>10. apríl kl. 13.30</b>
<b>Laugardaginn</b>	<b>16. apríl (daginn fyrir pálmásunnudag) kl. 11 og 13.30</b>
<b>Annan í páskum</b>	<b>25. apríl kl. 11</b>

### **Kostnaður**

Staðfesting fermingardags er háð því að búið sé að greiða gjald **kr. 15.000**, en innifalið í því er fræðslugjald skv. ákvörðun ráðuneytis (kr. 9.300), kennslugögn, kyrtilleiga, matur og drykkur alla námskeiðsdagana, ferðalag og annar kostnaður.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu kirkjunnar: <http://www.neskirkja.is/> og í síma 511 1560.

**Með bestu kveðjum og ósk um gleðilegt sumar!**

***Prestar og starfsfólk Neskirkju***